

183. þingflokksfundur, mánudaginn 3. október 2016 kl. 13.15.

Fundinn sitja: Ásta Guðrún, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.
Berglind ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 182. þingflokksfundar var samþykkt.

2. Bréf af fundum þingflokksformanna, forsætisnefndar og samráðsfunda

Birgitta gerði grein fyrir fundum sínum með þingflokksformönnum og fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Helgi Hrafn gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar. Þingflokkurinn ræddi um samstöðu- og mótmælafund gegn fyrirhuguðum breytingum á pólsku fóstureyðingalöggjöfinni sem fer fram í dag á Austurvelli og hyggjast þingmenn mæta. Ásta greindi jafnframt frá opnu bréfi sínu til pólskra þingmanna.

3. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt.

4. Bréf af nefndafundum

Birgitta gerði grein fyrir stöðu mála í efnahags- og viðskiptanefnd.

5. Umboðsmenn

Rætt var um umboðsmannafyrirkomulag flokksins sem hefur verið samþykkt. Tilnefning varamanna var rædd.

6. Ársreikningar

Farið var yfir ársreikning þingflokksins. Guðjón hefur samband við fjármálaskrifstofu og fær frekari upplýsingar.

7. Önnur mál

Almenn umræða var um stjórnarmyndunarviðræður.

Fundi slitið kl. 14.